

**Nr. 20-050 S 036 Maró SK 33****Leki í vélarúmi**

Skipaskr.nr.: 2833  
 Smíðaður: Seigla, 2012, trefjaplast.  
 Útgerð: Maró slf.  
 Stærð: 9,10 bt.  
 Mesta lengd: 9,98 m      Skráð lengd: 9,96 m  
 Breidd: 2,96 m      Dýpt: 1,49 m  
 Vél: Yanmar, 211 kW, 2018.  
 Fjöldi skipverja: 2



Maró©Sigurður Bergþórsson

**Gögn:**  
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi þann 28. ágúst 2020 af Geirbrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 21. apríl 2020 var handfærabáturinn Maró SK 33 á siglingu til hafnar á Sauðárkróki. Veður: N 6-8 m/s.

Á siglingunni kom þungt högg á afturhluta bátsins og í kjölfarið mikill leki inn í vélarúmið. Lensidælan hafði ekki undan lekanum og vélarúmið fylltist af sjó. Óskað var eftir aðstoð og Straumur EA 18 dró Maró til hafnar á Sauðárkróki þar sem hann var tekinn á land.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skv. ferilskráningu Vaktstöðvar siglinga var báturinn á 14,6 hnúta ferð þegar höggið kom á hann að aftanverðu;
- að skipstjórinn taldi að hann hafi siglt á rekald eða hval;
- að við skoðun kom í ljós að skemmd var á einu skrúfublaði (*sjá mynd*) en ekki sjáanlegt annað tjón á skrokk bátsins eða hældrifi;
- að við sundurtekt á hældrifinu kom í ljós að aftari hjöruliðskrossinn var brotinn og gafstykkið sem þéttir milli hældrifsins og vélarrúms var brotið. Auk þess var gúmmíhosan yfir driföxlinum rifin og þá hafði sjórinn greiða leið inn í vélarúmið;



Myndin sýnir skemmdina á skrúfublaðinu



Myndin sýnir hældrifið og brotna gaflstykkið, partur af gaflstykkinu er upp á driföxlinum.

- að hældrifið var af gerðinni Yanmar ZT 370;
- að engin sjór komst í lestina þar sem þilið milli lestar og vélarrúms var vatnspétt;
- að ekki var rétt lögskráð á bátinn, aðeins einn skipverji var lögskráður.

### ***Nefndarálit:***

Nefndin telur líklegast að báturinn hafi siglt á rekald og högg komið framan á hældrifið og valdið því að hjöruliðskrossinn og gaflstykkið brotnuðu.

Nefndin ítrekar fyrri ábendingar um tilgang og gildi lögskráningar skipverja. Óskráður skipverji er ótryggður.